

Alþingi

Erindi nr. Þ 112 / 979

komudagur 24 / 04 1990

Reykjavík, 23-04-90

Til landbúnaðarnefndar Efri deildar,
Alþingi.

Sendi hér með nokkrar athugasemdir við frumvarp til laga um innflutning dýra.

Hér er að mestu um orðalagsbreytingar að ræða og ég tel þær vera heldur til bóta.

Efnislega hefi ég ekkert við frumvarpið að athuga og álit að þær breytingar sem felast í þessu frumvarpi miðað við núgildandi reglur um innflutning dýra geti komið íslenskum landbúnaði og neytendum til góða ef vel tekst til.

Stöðugt verður að hafa í huga að með innflutningi dýra fylgir ákveðin áhætta sem viðkomandi aðilar verða að leggja mat á hverju sinni, hafandi í huga að íslenskur búpeningur virðist viðkvæmari fyrir sjúkdómum en erlendir stofnar sem hafa lifað í stöðugu áreyti þeirra.

Virðingarfyllst,

B. Sandholt.
Brynjólfur Sandholt.

